Viðtal umhverfismál efnahagsmál loftslagsmál

„Erfiður klofningur í Norðurskautsráðinu ef menn greinir á um loftslagsvána“

Árni Finnsson, formaður Náttúruverndarsamtaka Íslands, spjallar um loftslagsmál og bruna svartolíu á norðurslóðum í ítarlegu viðtali.

Melkorka Mjöll Kristinsdóttir 2. júní 2019

Deila
Post
Styrkja

Árni Finnsson HELGI HALLDÓRSSON/FREDDI

Árni Finnsson tók á móti mér með þéttu handartaki á látlausu heimili sínu í Vesturbæ Reykjavíkur. Hann bauð upp á kaffi og færði mér það í fallegum múmínbolla.

Í ljósi nýlegra atburða þorði ég ekki öðru en að biðja um leyfi til að taka upp viðtalið á símann minn. Það var auðsótt mál. „Reyndar er röddin ekki upp á marga fiska í dag,“ sagði hann. Sjálfri fannst mér röddin vera upp á alveg jafn marga fiska og alltaf áður.

Ég dreypti á heitu múmínkaffinu áður en ég seildist eftir spurningalistanum og hóf viðtalið.

AUGLÝSING

Bann við svartolíu er stærsta einstaka loftslagsmálið á norðurslóðum

Hversu mikill skaðvaldur er bruni svartolíu á norðurslóðum?

„Norðan við átttugustu breiddargráðu held ég að svartolía sé sá skaðvaldur sem veldur

Vinsælast í dag

1 Fimm ráð til að verjast lúsmýi og fimm ráð við bitum
2 Skattfrjálsar úttektir lífeyris í Portúgal leiddu til skoðunar ráðuneytis
3 Konungleg langtímafýla
4 „Nýja snjóhengjan“: Hundruð milljarða skuldir færast senn af sögulega lágum vöxtum
5 Efast um gildi aldurstakmarks og þungra refsinga við ölvun á rafskútum
6 Hagnaður sjávarútvegs þrefaldaðist milli ára en afkoma tæknifyrirtækja breyttist lítið
7 Svandís boðar frumvarp um tengda aðila í sjávarútvegi á næsta ári

mestri bráðnun þannig að ef það væri hægt að stöðva þá sótmengun sem verður vegna bruna svartolíu, þá væri það stærsta einstaka aðgerðin til að draga úr hlýnun á norðurslóðum.

Svartolía er í raun bara drullan sem verður eftir þegar búið er að hreinsa olíuna. Það þarf að hita hana en við það myndast sót sem leggst yfir ís og snjó og dekkir yfirborðið," segir Árni og útskýrir að dekkra yfirborð gleypi meira af orku sólarinnar heldur en hvítur snjór og ís og þannig margfaldist áhrif loftslagsbreytinga.

„Þegar Ísland gegndi síðast formennsku í Norðurskautsráðinu (2002-2004) var unnin tímamóta skýrsla um sveðisbundin áhrif loftslagsbreytinga (Arctic Climate Impact Assessment, ACIA). Þetta var mjög vönduð skýrsla og niðurstaðan var afgerandi. Meðal annars þetta, að hlýnun á norðurslóðum er tvisvar sinnum hraðari en annars staðar á hnettinum. Samt sem áður var ekki minnst á þessa skýrslu í skýrslu þáverandi utanríkisráðherra Davíðs Oddssonar um formennskutíð Íslands. Ekki verður dregin af því önnur ályktun en sú að Davið Oddsson afneitar loftslagsvísindunum."

Nú er Ísland að banna bruna svartolíu í landhelgi sinni frá og með næstu áramótum ekki satt?

„Það er ekki tæknilega rétt að það sé verið að banna bruna svartolíu. Það er verið að setja mjög lág mörk fyrir losun brennisteins og brennisteins innihald svartolíu. Með því að setja þessi mörk á brennistein, þá verður erfiðara fyrir útgerðir að brenna svartolíu. Eimskip og Samskip hafa áform um að nota hreinsitækni, síur til að hreinsa brennisteininn úr við brunann, því miður. Þetta verður skárra en með þessu móti munu þeir áfram nota svartolíu."

Nú koma mörg skemmtiferðaskip til Akureyrar, nota þau svartolíu?

„Mörg hver. Bæði skemmtiferðaskipin, Eimskip og Samskip hafa verið með tvöfalt kerfi. Þau hafa brennt svartolíu úti á hafi en svo þegar þau koma inn í firðina þá nota þau dísilolíu. Reyndar er ég með mynd sem sýnir skemmtiferðaskip sigla út Eyjafjörðinn. Skipið er enn í firðinum, til móts við Hrísey en þeir eru búnir að kveikja á svartolíunni."

Skemmtiferðaskip siglir út Eyjafjörðinn. Mynd: Adam Óskarsson

Það skiptir máli að þrýsta á stjórnvöld

Eruð þið í Náttúruverndarsamtökum Íslands í samstarfi við stjórnvöld?

„Við erum frjáls félagasamtök sem eru stundum í samstarfi við stjórnvöld en í raun erum við frekar svona þrýstihópur. Undanfarin ár höfum við unnið með Clean Arctic Alliance, sem eru regnhlífarsamtök sem vinna að banni við bruna og flutningum á svartolíu á norðurslóðum."

Skiptir máli að almenningur sé meðvitaður um umhverfismál og þrýsti á stjórnvöld?

„... já, það er oftast það sem skiptir mestu máli. Ég held að Íslendingar séu klofnir í þessu máli. Fyrir útgerðina, þá er það að nota svartolíu sparnaður. Það getur munað 30%. En fyrir umhverfið, þá er þetta ekki sparnaður."

„Ég held að fólk líti ekki á þjáningar annarra sem tækifæri"

Hvers vegna má ísinn ekki bara bráðna? Mike Pompeo utanríkisráðherra Bandaríkjanna segir að bráðnun íss á norðurslóðum sé viðskiptatækifæri.

„Okkar eigin utanríkisráðherra sagði þetta í þinginu skömmu áður. Ef þú skoðar skýrslu utanríkisráðherra frá því um daginn þá nefnir hann þetta sem tækifæri. Það er afar óheppilegt að hann skildi segja þetta. Þarna er einhver hugsanafeill. Það getur vel

Þessu tengt...

Sverrir Albertsson Vatn á myllu kölska

Berjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Vilja sjúga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út

Nýjast í fólk

Gjöreyðingaráætlun, elítuskóli, veiran, Zelensky og forríka forsetadóttirin

Deigkenndar pappaskeiðar, mannorð, kæling, glóandi hraun og milljónalífeyrisþegar

Fordómar lögreglu, trúðar í Mosfellsbæ, kynferðisbrot valdamanna og Helgi Seljan verið að það sé gróði í einhverjum skilningi, menn fái meiri peninga og hér verði einhver atvinnustarfsemi vegna aukinna siglinga á norðurslóðum en það mun bara ekki gerast næstu tíu árin og á sama tíma verðum við að snúa dæminu við.

Við þurfum að halda hlýnun jarðar vel innan við tvær gráður og við erum þegar komin upp um eina gráðu og kannski rúmlega það. Fari hlýnunin umfram tvær gráður þá er mikil hætta á því að loftslagsbreytingar verði óstöðvandi. Það þýðir að hlýnunin verður það mikil að til dæmis metangasið sem er í sífreranum á norðurslóðum leysist úr læðingi. Eitt tonn af metangasi er á við tuttugu og fimm tonn af koltvísýringi. Þannig að verði hlýnunin meiri en tvær gráður þá verður ekki aftur snúið og niðurstaðan verður skelfileg, og hún er þegar orðin dálítið skelfileg.

Ef hlýnunin verður meiri en ein og hálf gráða, þá er ljóst að fjöldi smárra eyríkja, til dæmis í Kyrrahafi, Karabíhafi og Seychelleyjar, þessi ríki fara undir yfirborð sjávar. Einnig láglend svæði eins og í Bangladess. Þetta mun valda hungursneyð. Þannig að þetta er allt saman mjög skelfilegt.

Þess vegna var sett inn í Parísarsamkomulagið að markmiðið væri að halda hlýnun vel innan við tvær gráður. Í raun er ein og hálf gráða þolmörk. Ég hugsa því að það sé ákaflega grunnhyggið að hugsa sem svo að það séu tækifæri fyrir Ísland að ísinn bráðni, ef að tækifærin fela í sér þjáningar annarra manna. Ég held að fólk líti ekki á það sem tækifæri.

Robert Corell, ritstjóri ACIA (Arctic Climate Impact Assessment), kynnti niðurstöður skýrslunnar, um hraða hlýnun á norðurslóðum, á loftslagsþingi Sameinuðu þjóðanna í Buenos Aires árið 2004. Í salnum var maður frá Bangladess. Hann var ekki diplómat en hafði tekið að sér fyrir sína ríkisstjórn að sitja fundinn þar sem hann átti leið um og þeir í Bangladess áttu ekki mikla peninga. Þegar hann sá kynninguna þá varð hann skelfingu lostinn og spurði „hvenær lagast þetta?“. Málið er að ef okkur tekst að halda hitanum innan marka þannig að kerfið geti snúið til baka og magn gróðurhúsalofttegunda í loftinu nái aftur fyrra horfi, þá tekur það samt þúsund ár.“

Öldungadeildarþingmenn á framfæri olíuiðnaðarins

Hvernig stendur á því að menn eins og Pompeo horfist ekki í augu við áhrif loftslagsbreytinga?

„Stóra málið í Bandaríkjunum eru þessi gríðarlega sterku hagsmunaöfl sem, í samræmi við þeirra hefðir, kaupa sér atkvæði á þingi. Þar eru öldungadeildarþingmenn sem eru nánast á framfæri olíuiðnaðarins. Bandaríkjamenn afneita ekki afleiðingum loftslagsbreytingum upp til hópa. Það gerir hins vegar náunginn í Hvíta húsinu og Pompeo. Pompeo er sá þingmaður sem hefur fengið mest af styrkjum frá Koch bræðrum, sem eru miljarðamæringar í Bandaríkjunum sem hafa undanfarna áratugi kostað hugveitur til að afneita áhrifum síaukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda. Pompeo fékk hæstu styrkina frá þeim bræðrum vegna þess að hann var duglegastur í afneituninni.

Ef þetta fer á verri veginn þá verður mikið af fólki sem þarf og vill komast norður eftir.“

Árni Finnsson Mynd: Helgi Halldórsson/Freddi

Hvaða áhrif gætu loftslagsbreytingar haft á Íslandi? Er til dæmis fyrirséð að það verði mikill umhverfisflótti til kaldari landa?

„Hluti þess flóttafólks sem nú er í Evrópu er að flýja þurrka og ein af orsökum stríðsins í Sýrlandi hefur verið talin vera skortur á akurlendi vegna hlýnunar. Ef þetta fer á verri veginn þá er alveg ljóst að það verður mjög mikið af fólki sem verður að flýja heimkynni sín norður eftir. Það náttúrulega sér ríkidæmið sem við búum við. Það er nú einu sinni þannig að andrúmsloftið og lofthjúpurinn í kringum jörðina er sameign jarðarbúa, hann er ekki séreign.

Ég held að ef við förum að horfa upp á gríðarlega eymd og hamfarir í kjölfar hlýnunar þá geti orðið svona „moral collapse". Sem betur fer þá kom það nú ekki fram í kosningunum núna fyrir Evrópuþingið, ekki eins og óttast var, kosningasigur hægri afla varð ekki eins mikill og menn höfðu talið. Að mínu mati snýst þetta mikið um hvort almenningur í Evrópu og Bandaríkjunum hafi nægan siðferðisstyrk. Annað hvort ríkir samkennd, þátttaka og hjálp eða afneitun."

Allt á fleygiferð í lífríkinu nú þegar

Hvað með áhrif loftslagsbreytinga á lífríkið og uppskeru?

„Nú er ljóst að rigningarveður munu aukast á hér norður frá, eins og við sáum í fyrra. Hvort það hefur áhrif á uppskeru veit ég ekki. Öfgar í veðurfari munu einnig vera vandamál og súrnun sjávar mun valda skaða á lífríkinu. Ef ekki tekst að snúa mjög skarpt við þá held ég að það verði mjög erfitt að bjarga því. Það kom reyndar fram í vísindaskýrslu sem Veðurstofan gaf út í maí árið 2018 að losun þarf að vera neikvæð, binding meiri en losun á síðari hluta þessarar aldar, ef við ætlum að snúa við súrnun sjávar. En svo er líka ljóst að það er allt á fleygiferð í lífríkinu nú þegar. Til dæmis er stór hluti hrefnustofnsins kominn norður undir Jan Mayen. Hrefnan er þar til að leita sér að æti og lundin líður hungur vegna þess að sandsílið er horfið."

AUGLÝSING

Fiskimiðin

Heldurðu að þetta geti orðið til þess að fiskimið Íslands verði fyrir miklum skaða?

„Við vitum það ekki. Það getur verið að það komi hingað nýjar tegundir sem gætu bætt upp hugsanlegan skaða. Svo getur verið að þorskurinn fari norðar. Þess vegna eiga útgerðarfyrirtæki eins og Samherji að slá aðeins af arðsemiskröfunum og hætta að brenna svartolíu, taka meira tillit til náttúrunnar og samfélagsins. Þeir hafa verið mjög duglegir hjá Samherja við að reka mjög arðsamt og stöndugt fyrirtæki en þess þá heldur að þeir sýni ábyrgð, þeir hafa alveg nóg á milli handanna. Það kostar þá ekkert of mikið að sleppa svartolíunni."

Ísland getur beitt sér í Norðurskautsráðinu

Ísland tók við formennsku í Norðurskautsráðinu í maí. Telur þú að við getum notað þá stöðu til að vinna að því að draga úr notkun svartolíu á svæðinu?

„Norðurskautsráðið er ekki alþjóðastofnun sem getur tekið bindandi ákvarðanir um svartolíu, það gerir hins vegar Alþjóðasiglingamálastofnunin. En Ísland getur að sönnu beitt sér innan Norðurskautsráðsins fyrir því að aðildarríkin og þau ríki sem eiga áheyrnaraðild að ráðinu eins og til dæmis Kína, dragi úr notkun svartolíu. Kína hefur raunar nú þegar bannað svartolíu á sumum svæðum einhliða.

Ísland ætlar að beita sér gegn plastmengun á sínu tveggja ára formennskutímabili og það er mjög gott en þar eru allir sammála. Ísland gæti einnig beitt sér gegn svartolíunni og þá fyrst og fremst með umræðu um skaðsemi hennar. Ég held að það gæti gert gagn. Strangari reglugerð hér heima sem gerir bruna svartolíu erfiðari (vegna kröfu um mun lægra innihald brennisteins í olíunni) hefur áhrif á umræðuna innan Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og vonandi einnig í Norðurskautsráðinu."

Erfiður klofningur í Norðurskautsráðinu

Í maí síðastliðnum gerðist það í fyrsta skiptið í sögu Norðurskautsráðsins að ráðið kom sér ekki saman um lokayfirlýsingu vegna þess að Bandaríkin neituðu að samþykkja að þar væri vísað í loftslagsbreytingar. Telurðu að það eigi eftir að vera Þrándur í götu Íslands sem formennskuríkis?

„Það er kominn upp klofningur í Norðurskautsráðið varðandi loftslagsmálin. Það er ansi erfiður klofningur ef menn greinir á um loftslagsvána. það verður snúið fyrir Ísland að vinna með ríkisstjórn Trumps sem tekur æ harðari afstöðu gegn loftslagsvísindunum. Ísland getur þó styrkt málefnastöðu sína með samstarfi við Norðurlöndin og Kanada sem styðja loftslagsvísindin. Ísland gegnir einnig formennsku í Norrænu ráðherranefndinni þetta árið, sem styrkir formennsku Íslands Norðurskautsráðinu.

Timo Soini utanríkisráðherra Finnlands var búinn að semja yfirlýsingu sem er talinn hafa verið uppkast að sameiginlegri yfirlýsingu Norðurskautsráðsins. Þar segir meðal annars að Norðurskautsráðið ætli sér að takast á við þá hættu sem er samfara notkun og flutningi á svartolíu um norðurslóðir og að haldið verði áfram að kanna aðra eldsneytisgjafa fyrir skip sem sigla um norðurslóðir. Því miður kom Mike Pompeo í veg fyrir að yfirlýsing byggð á þessu uppkasti yrði samþykkt.

Starfsmenn utanríkisráðuneytisins munu bíta á jaxlinn og halda ótrauðir áfram. Á hinn bóginn er ljóst að afstaða Bandaríkjanna mun hamla samstarfi innan Norðurskautsráðsins. Bandaríkin viðurkenna ekki vandamálið, loftslagsvána sem er stærsta áskorunin sem alþjóðasamfélagið stendur frammi fyrir."

Takk kærlega fyrir viðtalið Árni!

Við þurfum á þínu framlagi að halda

Þú getur tekið beinan þátt í að halda úti öflugum fjölmiðli.

Við sem vinnum á ritstjórn Kjarnans viljum hvetja þig til að vera með okkur í liði og leggja okkar góða fjölmiðli til mánaðarlegt framlag svo við getum haldið áfram að vinna fyrir lesendur, fyrir fólkið í landinu.

Kjarninn varð níu ára í sumar. Þegar hann hóf að taka við frjálsum framlögum þá varð slagorðið „Frjáls fjölmiðill fyrir andvirði kaffibolla" til og lesendur voru hvattir til að leggja fram í það minnsta upphæð eins kaffibolla á mánuði.

Mikið vatn hefur runnið til sjávar á þeim níu árum sem Kjarninn hefur lifað. Í huga okkar á Kjarnanum hefur þörfin fyrir fjölmiðla sem veita raunverulegt aðhald og taka hlutverk sitt alvarlega aukist til muna.

Við trúum því að Kjarninn skipti máli fyrir samfélagið.

Við trúum því að sjálfstæð og vönduð blaðamennska skipti máli.

Ef þú trúir því sama þá endilega hugsaðu hvort Kjarninn er ekki allavega nokkurra kaffibolla virði á mánuði.

Vertu með okkur í liði. Þitt framlag skiptir máli.

Ritstjórn Kjarnans: Sunna Ósk Logadóttir, Þórður Snær Júlíusson, Erla María Markúsdóttir, Arnar Þór Ingólfsson, Eyrún Magnúsdóttir og Grétar Þór Sigurðsson.

Já takk, ég vil styrkja Kjarnann!

Færslan birtist fyrst: *2. júní 2019, kl. 11:00*

Orðafjöldi: 2124

Styrkja Deila Post

AUGLÝSING

Kjarninn

Þorbjörn Guðmundsson

Er íslenska velferðarkerfið ekki lengur griðarstaður þeirra sem minnst hafa?

Kjarninn 11. janúar 2023

Takk fyrir og sjáumst á nýjum miðli á föstudag

Bréf frá ritstjóra Kjarnans vegna sameiningar við Stundina og þess að nýr framsækinn fréttamiðill verður til í lok viku.

Kjarninn 11. janúar 2023

Sverrir Albertsson

Vatn á myllu kölska

Kjarninn 11. janúar 2023

Berjast fyrir þorpi á barmi hengiflugs

Lítið þorp í Rínarlöndum Þýskalands er allt komið í eigu kolarisa. Fyrirtækið ætlar sér að mylja niður húsin og stækka kolanámu sína sem þegar þekur um 80 ferkílómetra. Þetta þykir mörgum skjóta skökku við í heimi sem berst við loftslagsbreytingar.

Kjarninn 10. janúar 2023

Útvarp Saga telur fjölmiðlastyrki skapa tortryggni og bjóða upp á frændhygli

Fjögur fjölmiðlafyrirtæki hafa til þessa skilað inn umsögnum um frumvarp Lilju Alfreðsdóttur menningar- og viðskiptaráðherra, sem mun að óbreyttu framlengja núverandi styrkjakerfi til fjölmiðla.

Kjarninn 10. janúar 2023

Viðræðum slitið og Efling undirbýr verkfallsaðgerðir

Samtök atvinnulífsins hafa hafnað gagntilboði Eflingar um skammtímakjarasamning, sem kvað á um meiri launahækkanir en SA hefur samið um við aðra hópa á almennum vinnumarkaði til þessa. Efling undirbýr nú verkfallsaðgerðir.

Kjarninn 10. janúar 2023

Fánabann og refsiaðgerðir í Palestínu í kjölfar niðurstöðu Sameinuðu þjóðanna

Degi eftir að ný ríkisstjórn tók við völdum í Ísrael samþykkti allsherjarþing Sþ að fela Alþjóðadómstólnum í Haag að meta lögmæti hernáms Ísraelsríkis á Vesturbakkanum. Síðan þá hefur stjórnin gripið til refsiaðgerða og nú síðast fánabanns.

Kjarninn 10. janúar 2023



Vilja sjúga sand af hafsbotni í stórum stíl og flytja út

Eftirspurn eftir íslenskum jarðefnum er gríðarleg ef marka má framkomin áform erlendra stórfyrirtækja um nýtingu þeirra. Vinsældir hafnarinnar í Þorlákshöfn eru samhliða mjög miklar.

Kjarninn 10. janúar 2023

FLEIRI FÆRSLUR

Morgunpósturinn Ekki missa af neinu

Nánar

tölvupóstfangið þitt

Senda

Meira úr sama flokki Viðtal

Allar greinar



Veikleikar og brotalamir í skipulagsmálum á Íslandi



Áttar sig illa á andstöðu hægrimanna við veggjöld



„Það er hægt að bölsótast en það er líka hægt að sjá allt þetta jákvæða“

Meira handa þér frá Kjarnanum

Vísbending
Vikurit um viðskipti, efnahagsmál og nýsköpun handa þér.

Vertu með
Styrktu sjálfstæðan íslenskan fjölmiðil með mánaðarlegu framlagi.

Morgunpósturinn
Morgunpósturinn er fyrir alla sem hafa áhuga á fréttum og þjóðfélagsumræðu. Pósturinn berst alla morgna!

Newsletters
Get the latest on Icelandic politics, business and economics in your inbox

KJARNINN

Um Kjarnann
Greinasafn
Auglýstu
Skilmálar og vafrakökur

SAMFÉLAGSMIÐLAR

Facebook
Twitter
Instagram
Soundcloud

MORGUNPÓSTURINN

tölvupóstfangið þitt

Skrá mig

Allur réttur áskilinn © Kjarninn miðlar ehf. 2015